

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

5

8. marz

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda kunngerum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 6. f. m. samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarveru Vorri hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört í Esbjerg, 8. marz 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

6

18. marz

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir
Útvegsbanka Íslands h/f.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd rikissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár í senn rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri

6 lánsstofnunum, allt að 100000 sterlingspundum, eða tilsvarendi fjárhæð í annari
18. marz mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Amaliuborg, 18. marz 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

7

11. apríl

AUGLÝSING

um að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 30, 23.
júní 1932, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í
samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viður-
kenning dóma og fullnægju þeirra, skuli koma í gildi.

Fullgildingarskjöl að samningi þeim, sem gerður var í Kaupmannahöfn þann
16. marz 1932 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um
viðurkenning dóma og fullnægju þeirra, voru, af hálfu allra samningsaðiljanna,
afhent í Kaupmannahöfn þann 18. marz 1933.

Samkvæmt 14. grein samningsins gengur hann því í gildi fyrir öll samnings-
ríkin þann 1. júlí 1933.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 11. apríl 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.